

## Starfsáætlun stjórnar Sálfræðingafélags Íslands

Lögð fram á aðalfundi 23. febrúar 2017

Yfirlýst stefnumál stjórnar fyrir komandi ár kynnt á aðalfundi Sí 23. febrúar 2017:

### Megináherslur starfsársins

- Aðgengi almennings að sálfræðipjónustu
  - Áframhaldandi fundir með ráðamönnum og samráð við hagsmunasamtök og félög.
  - Opinn fræðsla fyrir almenning tengt Sálfræðipingi verði að föstum lið í starfi félagsins.
  - Opnun vefsíðunnar [www.gedheilsa.is](http://www.gedheilsa.is) og verkefni í kjölfarið
  - Stofnun aðgengishóps félagsmanna sem vinnur að málinu með stjórn. Auglýst verður eftir áhugasömum eftir aðalfund og næstu skref ákveðin með hópn.
- Kjaramál
  - Úrskurður gerðardóms rennur sitt skeið í lok ágúst. Hefja þarf undirbúning fyrir samningaviðræður við ríkið sem allra fyrst.
  - Vinna við stofnanasamninga heldur áfram, m.a. út frá ákvæði gerðardóms um mat á menntun.
  - Styrkja þarf trúnaðarmannakerfi félagsins enn betur og efla samstarfsnefndir á vinnustöðum.
  - Halda þarf upplýsingafundi um kjaramál inni á vinnustöðum sálfræðinga.
  - Vinna þarf kjaratengdar upplýsingar fyrir sjálfstætt starfandi sálfræðinga, sem fjölgar mjög með stéttarfélagasáild.
  - Vinna þarf upplýsingar og leiðbeiningar til félagsmanna þegar samþykktir lífeyrissjóðanna liggja fyrir, væntanlega í samstarfi við BHM og önnur aðildarfélög.
- Aðrar áherslur starfsársins:
- Þjálfunarár að loknu framhaldsnámi
  - Skilgreina og tryggja faglega niðurstöðu málsins þar sem hagsmunir útskrifaðra og skjólstæðinga eru í fyrirrúmi.
- Sérfræðinám
  - Kynna niðurstöður könnunar vegna sérfræðináms, eftirfylgd
- Erlent samstarf
  - Áframhaldandi vinna í umsóknarferli vegna EuroPsy.
  - Skoða enn frekar fleti á erlendu samstarfi, s.s. tengt ráðstefnu ameríska sálfræðingafélagsins, APA.
- Skrifstofan
  - Vegna mikillar fjölgunar félagsmanna og aukins álags á skrifstofu verða starfsmannamál skoðuð
- Setja upp nýja og aðgengilegri heimasíðu félagsins.